



# **Transfólk og tvíhyggjukynjakerfið** **Sjúkdómsvæðing, jaðarsetning og transfemínismi**

**Ugla Stefanía Jónsdóttir**

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Transfólk og tvíhyggjukynjakerfið**  
***Sjúkdómsvæðing, jaðarsetning og transfemínismi***

Ugla Stefanía Jónsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði  
Leiðbeinendur: Ingólfur V. Gíslason og  
Svandís Anna Sigurðardóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Uglya Stefanía Jónsdóttir 2014  
0601912719

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Kyn er hugtak sem er almennt talið afskaplega einfalt og sjálfsagt en það byggir á mjög sterku og rótgrónu tvíhyggjukynjakerfi. Kynjakerfið gerir eingöngu ráð fyrir tveimur kynjum sem eru ákvörðuð út frá kynfærum einstaklings. Ákveðnir eiginleikar, hegðun og tjáning er svo tileinkuð þeim kynjum og fer félagsmótun samfélagsins á einstaklingum eftir þeim. Þessar reglur eru faldar og hafa náð fótfestu í samfélagsgerð, sérstaklega í vestrænum samfélögum. Þeim einstaklingum sem fara á mis við þessar reglur eða uppfylla ekki skilyrði sem gerð eru er refsað á ýmsan hátt. Í þessari ritgerð er fjallað um transfólk og þeirra veruleika en sá hópur er á skjön við kynjakerfið og upplifir því mikla fordóma, sjúkdómsvæðingu, jaðarsetningu og jafnvel ofbeldi. Í ritgerðinni er farið yfir helstu hugtök tengd transfólki og þeirra veruleika hérlendis og víðar. Einnig er veruleiki þeirra tengdur við tvíhyggjukynjakerfið og sýnt fram á sumar af þeim afleiðingum sem kerfið hefur á transfólk og þá sérstaklega þá sjúkdómsvæðingu sem það hefur í för með sér.

## Efnisyfirlit

Hugtakalisti .....	5
Inngangur.....	6
1. kafli – Transfólk og staða þeirra .....	9
1.1. Hvað er <i>transgender</i> ? .....	9
1.2. Transfólk á Íslandi og víðar .....	10
1.3. Barátta transfólks og femínismi .....	14
2. kafli – Kenningar .....	16
2.1. Tvíhyggjukynjakerfið.....	16
2.2. Transfólk, kyngervi og tvíhyggjukynjakerfið.....	18
2.3. Karlmennskur og kvenleikar sem afurð tvíhyggjukynjakerfisins.....	19
2.4. Kynjakerfið í orðræðu og sem mýta .....	22
3. kafli: Áhrif tvíhyggjunnar á transfólk .....	26
3.1. Tvíhyggjukynjakerfið og virknikenningar .....	26
3.2. Sjúkdómsvæðing sem afleiðing – meðferð og greining .....	26
Lokaorð og umræða .....	29
Heimildalisti .....	33

## Hugtakalisti

**Genderqueer:** Regnhlífarhugtak yfir fólk sem að skilgreinir kyn sitt ekki endilega sem karl eða kona, heldur getur verið fljótandi þar á milli eða algjörlega utan þessara flokka.

**Kyn:** Á við um líffræðilega flokkun einstaklinga eftir kynfærum og kynlitningum.

**Kyngervi:** Á við um félagsmótaða hegðun, tjáningu og tilburði einstaklinga út frá kyni.

**Kynhneigð:** Vísar til þess að hvaða einstaklingum viðkomandi laðast kynferðislega og/eða tilfinningalega.

**Kyntjáning:** Hvernig einstaklingur tjáir kyn sitt út á við, til dæmis í gegnum hegðun, klæðaburð eða tilburði.

**Kynvitund:** Upplifun einstaklings á eigin kyni.

**Sískynjaður (e. cisgender):** Á við þá einstaklinga sem eru sáttir við það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu. Oft stillt upp sem andstæðunni við trans.

**Transgender:** Regnhlífarhugtak yfir ótalmarga hópa sem eiga það sameiginlegt að vera á skjön við eða ögra á einhvern hátt því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu, hvort sem það er með leiðréttingu á kyni, í gegnum tjáningu, orð eða upplifun. Oft er einfaldlega talað um „trans“ – til dæmis „transfólk“ – og í þessari ritgerð verður notast við þá styttingu.

**Transkarl:** Einstaklingur sem fékk úthlutað kvenkyni við fæðingu en upplifir sig sem karl og er þar af leiðandi karl.

**Transkona:** Einstaklingur sem fékk úthlutað karlkyni við fæðingu en upplifir sig sem konu og er þar af leiðandi kona.

**Transsexual:** Á við þann hóp sem undirgengst einhvers konar kynleiðréttingarferli, sem getur meðal annars innihaldið hormónameðferðir og kynfæraaðgerðir. *Transsexual* fellur undir *transgender* regnhlífarhugtakið.

## Inngangur

Flest höfum við heyrt að ákveðnir hlutir, áhugamál, hegðun, föt, útlit, litir og fleira sé fyrir karla eða konur. Við erum alin upp við að þessir hlutir tengist eðli karla og kvenna og félagsmótun okkar fer að stórum hluta eftir því hvaða kyni okkur er úthlutað við fæðingu. Oft tökum við þessu sem mjög hversdagslegum og sjálfsögðum hlut og setjum hvorki spurningarmerki við þessa þætti né hvers vegna þeir eru á þann veg sem þeir eru. Ákveðin einkenni og hegðun eru því innprentuð í okkur sem dæmigerð fyrir annaðhvort konur eða karla og myndar það hugmyndir samfélagsins um karlmennsku og kvenleika.

Í fyrsta kafla þessarar ritgerðar mun ég fara yfir helstu hugtök og skilgreiningar hvað varðar transfólk ásamt því að fjalla ítarlega um kyn, kyngervi, kynvitund og kyntjáningu. Transfólk hefur lengi verið utanvelta í femínískum fræðum og hefur þurft að sæta mikilli mótstöðu í gegnum tíðina. Hér á eftir hyggst ég skoða þessi tengsl og mögulegar ástæður mótstöðunnar. Ástæða þess að ég vil skoða þau tengsl er að ég tel málefni transfólks og hugmyndafræði femínisma eiga vel saman á mörgum sviðum, sérstaklega þegar kemur að umbyltingu ríkjandi kynjakerfis og hugmynda um kyn og kyngervi.

Ein af aðaláherslum ritgerðarinnar er lögð á tilvist tvíhyggjukynjakerfisins (e. the gender binary) og áhrif þess á transfólk og þeirra kynvitund. Tvíhyggjukynjakerfið, sem fjallað er um í öðrum kafla, byggir á eðlishyggju og því að hægt sé að rekja ákveðna eiginleika til eðlis karla og kvenna. Í gegnum slíka orðræðu mótast hugmyndir um karlmennsku og kvenleika og hvernig einstaklingar eiga að hegða sér í samræmi við kyn. Ég mun skoða þessar hugmyndir ítarlega í ritgerðinni í sambandi við transfólk en þessi orðræða gerir ekki ráð fyrir fjölbreytilegri kynvitund og transfólk verður því utanveltu í kerfinu. Einnig mun ég fara stuttlega yfir stöðu transfólks héraendis (og víðar) og taka fyrir bæði félagslega og lagalega stöðu þess.

Til að reyna að afhjúpa og benda betur á tilvist tvíhyggjukynjakerfisins mun ég styðjast við skrif Rolands Barthes og fjalla um kynjakerfið sem orðræðu og mýtu. Tvíhyggjukynjakerfið er kerfi sem öðlast sinn sess í gegnum orðræðu og því er viðhaldið í gegnum samskipti okkar og viðmið og gildi samfélagsins. Með því að afhjúpa kerfið sem mýtu er hægt að sýna fram á hversu tilbúið það er og hægt er að setja spurningarmerki við tilgang þess. Þá er einnig hægt að sýna fram á afleiðingar kerfisins með áherslu á afleiðingar þess á transfólk og þeirra veruleika.

Í þriðja kafla fjalla ég um tvíhyggjukynjakerfið út frá virknikenningum (e. functionalism) en mun fyrst og fremst einblína á sjúkdómsvæðingu transfólks sem afleiðingu

tvíhyggjukynjakerfisins. Þar mun ég ræða ítarlega greiningarviðmið kynáttunarvanda héraendis ásamt því að fjalla um eldri og ný greiningarviðmið DSM-handbókarinnar, sem er gefin út af Bandaríska geðlækningafélaginu (e. American Psychiatric Association). Ástæða þess að ég fer einnig yfir eldri greiningarviðmið DSM-handbókarinnar er að ég tel að greiningarviðmið héraendis séu að mörgu leyti eins og þau sem þar birtast. Einnig mun ég fara yfir þá meðferð sem transfólk þarf að undirgangast innan heilbrigðiskerfisins með það að markmiði að varpa ljósi á hvernig kynvitund transfólks er sjúkdómsvædd og hvað transfólk þarf að ganga í gegnum til að fá viðurkenningu á sinni kynvitund en sjúkdómsvæðing er stór áhrifavaldur þegar kemur að fordómum, jaðarsetningu og kúgun gagnvart transfólki.

Þann 27. júní 2012 tóku gildi á Íslandi lög um réttarstöðu transfólks en þar var tilgreindur réttur einstaklinga til þess að undirgangast kynleiðréttingarferli með meðferð og greiningu hjá sérfræðiteymi á vegum Landspítalans. Árið 2014 urðu enn fremur breytingar á almennum hegningarlögum þar sem orðinu „kynvitund“ var bætt inn í 1. málsgrein 180. greinar laganna en sú grein fjallar um brot á reglum um framfærslu og atvinnuhætti. Einnig var kynvitund bætt inn í 233. grein laganna sem fjallar um háð, róg, smánun eða ógnun á opinberum vettvangi. Þetta eru fyrstu lög sem taka gildi á Íslandi og vernda transfólk gegn einhvers konar mismunun í þjónustu, á atvinnumarkaði eða á opinberum vettvangi. Þrátt fyrir þessar breytingar eiga Íslendingar enn langt í land með að veita transfólki þau réttindi og vernd sem það þarf á að halda. Ég vonast til að með þessari ritgerð takist mér að varpa ljósi á heim transfólks og gefa fleiri hópum innan transsamfélagsins rými í von um að skapa umræðu og efla vitund þegar kemur að þessum málefnum, sérstaklega umræðu varðandi sjúkdómsvæðingu transfólks.

Jeff Hearn (2008) hefur fjallað um sjónarmiðafemínisma, eða um tengsl þekkingar og pólitíkur og hvaða áhrif pólitík hefur á þekkingarsköpun. Hann talar um að þekking eigi líka að vera fyrir jaðarhópa en ekki eingöngu fyrir ríkjandi hópa sem stjórna jaðarhópunum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir eigin stöðu og sýn á viðfangsefni til þess að draga úr hlutdrægni og átta sig á eigin forrétindum gagnvart þeim hópum sem viðkomandi rannsakar (Hearn, 2008). Með það í huga hyggst ég staðsetja mig gagnvart efninu áður en lengra er haldið.

Ég tek virkan þátt í félagsstarfi fyrir hinsegin fólk bæði héraendis og á alþjóðavettvangi og hef gert frá árinu 2009. Ég hef starfað sem fræðslustýra Samtakanna '78 síðan í nóvember 2012 og er einnig sjálfboðaliði hjá Q-félagi hinsegin stúdenta, Trans-Íslandi og sit í framkvæmdastjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir hönd Samtakanna '78. Sjálf undirgekkst ég kynleiðréttingarferli og fór í kynleiðréttingaraðgerð 27. júní 2012 á



Landsspítalanum við Fossvog. Ég afneita tvíhyggjuflokkunum karl og kona og kýs að skilgreina kyn mitt utan þeirra en kyntjáning mín er skilgreind sem kvenlæg í vestrænu samfélagi og ég notast við kvenlæg fornöfn að mestu. Ég er femínisti, ég er hvít, skilgreini kynhneigð mína ekki sérstaklega og ég hef enga fötlun eða skerðingar af neinu tagi. Ég er fædd og uppalin á sveitabænum Stóra-Búrfelli í Austur-Húnavatnssýslu en er nú búsett í Reykjavík. Sjálf er ég því hluti af hópi transfólks og tel mig geta veitt góða innsýn í þann heim ásamt því að hafa skilning á reynsluheimi transfólks sem sísfólk (e. cisgender) hefur ekki. Hins vegar vil ég taka fram að skoðanir, upplifanir og sýn transfólks á hin ýmsu málefni eru mismunandi eftir einstaklingum og mín skoðun er því ekki endilega skoðun hópsins í heild sinni. „Hið persónulega er pólitískt“ er setning sem er oft kennd við femínisma og á hún vissulega við í þessi tilfelli.

## 1. kafli – Transfólk og staða þeirra

### 1.1. Hvað er *transgender*?

Áður en byrjað er að tala um transfólk er mikilvægt að gera sér grein fyrir orðaforða og skilgreiningum í transfræðum. Hugtakið *transgender* gegnir þar lykilhlutverki. Hugtakið getur tekið á sig marvísleg form og má þar helst nefna þrjú. Í fyrsta lagi er *transgender* orð sem félagasamtök og hreyfingar nota í baráttunni fyrir auknum réttindum og viðurkenningu á upplifun fólks með fjölbreytilegar kynvitundir, kynþjáningu og líkama. Í öðru lagi getur hugtakið átt við sístækkandi flokk skilgreininga á kynvitund, þjáningu eða upplifun á kyni og kyngervi. Þar undir falla skilgreiningar á borð við *transsexual* einstaklinga, klæðskiptinga (e. cross-dressers), dragdrottningar og dragkónga, karla sem skilgreina sig kvenlega, konur sem skilgreina sig karllegar, *genderqueer* fólk, *gendervariant*, *genderfluid*, *bigender*, *intergender*, *pangender*, þriðja kynið og fleira (Enke, 2012). Ekki eru til íslensk hugtök yfir alla þessa flokka en ástæður þess kunna einfaldlega að vera lítil umræða og þekking á þessu sviði hérlendis og hve fáir tilheyra þessum hópum hér á landi. Þægilegt þykir að geta notað eitt orð yfir marga hópa en fáir gera sér fyllilega grein fyrir hvað liggur að baki þegar talað er um *trans* eða *transgender*. Hugtakið getur verið óljóst og vandmeðfarið og verður það eflaust þangað til þekking fólks á því verður meiri. Í þriðja lagi má svo nefna notkun hugtaksins yfir sjálfsmynd (e. identity) einstaklinga, það er hvernig þeir skilgreina sig sjálfir og upplifa eigin kynvitund. Það getur átt við kynvitund sem er á skjön við líffræðilegt kyn, óhefðbundna kynvitund og/eða þrá til þess að breyta líkamanum til að hann samsvari upplifun viðkomandi (Enke, 2012).

Hugtakið *sískynjaður* (e. cisgender eða cissexual) á við það fólk sem er sátt við það kyn sem þeim er úthlutað við fæðingu. Forskeytið *cis-* á rætur sínar að rekja til latínu og þýðir að vera á sama stað eða sömu hlið, ólíkt *trans* sem þýðir að fara yfir (Enke, 2012). Mikilvægt er að velta fyrir sér kostum þess að hafa slíkt hugtak en aðalástæðan á bak við notkun þess er að þannig er mögulegt að varpa ljósi á normið. Á þann hátt mætti bera það saman við hugtakið *gagnkynhneigð*. Oftast er gert ráð fyrir að einstaklingar séu gagnkynhneigðir og sískynjaðir þangað til annað kemur í ljós. Færa má rök fyrir því að slík tvíhyggja sé vafasöm en þessi aðferð hefur samt sem áður verið notuð til að vekja athygli á stöðu fólks.

Sá hópur sem hefur verið mest áberandi í samfélagslegri umræðu um transfólk eru einstaklingar sem eru *transsexual*. Það hugtak á við einstaklinga sem undirgangast einhvers konar kynleiðréttingarferli, sem inniheldur meðal annars meðferð og greiningu hjá sérfræðiteymi í heilbrigðiskerfinu, hormónameðferð og hugsanlega kynleiðréttingaraðgerðir

ef einstaklingur kys að undirgangast þær (Enke, 2012). Það getur verið mismunandi hvað einstaklingar kjósa að gera og fer það meðal annars eftir aðgengi að viðeigandi heilbrigðisþjónustu, lagalegri stöðu transfólks, fjárhagsaðstæðum, löngunum, líkamlegum þáttum og ýmsu fleiru (Enke, 2012).

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ekki allt transfólk skilgreinir sig endilega sem karl eða konu og margir upplifa sig einhvers staðar þar á milli, bæði sem karl og konu eða algjörlega utan kynjabásanna tveggja (Enke, 2012).

Að þessu sögðu er ljóst að *transgender* er flókið regnhlífarhugtak sem felur í sér margar skilgreiningar og önnur hugtök. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að engin ein skilgreining er rétt og hugtökin eru öll í stöðugri þróun.

## 1.2. Transfólk á Íslandi og víðar

Málefni transfólks hafa ekki verið áberandi í opinberri umræðu á Íslandi. Anna Kristjánsdóttir var sú fyrsta sem steig opinberlega fram og ræddi um þessi mál árið 1996 en hún undirgekkst kynleiðréttingarferli í Svíþjóð (Bjargvætturinn Kristján óvænt orðinn Anna, 1996). Undanfarin ár hefur sístækkandi hópur transeinstaklinga stigið fram hérlendis og má þar helst nefna Önnu Jonnu Ármansdóttur, Hrafnhildi Guðmundsdóttur, Völu Grand, Örn Danival Kristjánsson og Uglu Stefaníu Jónsdóttur (Trans-Ísland, e.d.). Áður fyrr ríkti mikil þögn um þessi málefni og var algengt að fólk ferðaðist til annarra landa til þess að undirgangast kynleiðréttingarferli eða hefja nýtt líf. Orðanotkun hefur verið töluvert baráttumál hérlendis en orð og orðalag eins og „kynskiptingur“, „kynskiptiaðgerð“ og „að skipta um kyn“ heyrast enn í daglegu tali. Slík orðanotkun samræmist ekki núverandi hugmyndafræði um transmálefni og snýst baráttan um að transfólk eigi að hafa rétt á að segja til um hvaða hugtök séu rétt og við hæfi. Það að „skipta“ um kyn er talið villandi orðalag sem gerir lítið úr kynvitund transfólks ásamt því lýsa illa upplifun þeirra (Trans-Ísland, e.d.).

Árið 2007 var félagið Trans-Ísland stofnað en það eru baráttu- og stuðningssamtök transfólks á Íslandi. Félagið heldur mánaðarlega fundi fyrir félagsmenn og velunnara, tekur virkan þátt í Hinsegin dögum og heldur upp á minningardag transfólks árlega (Trans-Ísland, e.d.).

Lítið fræðsluefni hefur komið út á Íslandi um transfólk. Einungis hafa verið gefnir út tveir fræðslubæklingar um transmálefni, annars vegar af Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar (2012) og Q-félagi hinsegin stúdenta hins vegar (e.d.). Örfáar námsritgerðir hafa verið skrifaðar sem snúa að transfólki en má þar nefna meistaritgerð Eyglóar Margrétar Stefánsdóttur (2012) sem fjallar um gagnkynhneigt forræði, BS-ritgerð

Sigrúnar Ingu Garðarsdóttur (2014) um samanburð milli greiningarviðmiða og hugmynda fólks um kynáttunarvanda og transeinstaklinga og BA-ritgerð Guðnýjar Sigurðardóttur (2012) sem fjallar um kynferði og kynhegðun transfólks og annarra jaðarhópa. Á Hinsegin bíódögum á Íslandi árið 2006 var sýnd mynd eftir Höllu Kristínu Einarsdóttur sem bar titilinn *Transplosion* og fjallaði um fjóra transeinstaklinga. Árið 2012 kom síðan út heimildarmynd Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur *Hrafnhildur* um fyrrnefnda Hrafnhildi Guðmundsdóttur en hún undirgekkst kynleiðréttingaraðgerð árið 2010. Þar að auki voru stuttir þættir birtir á vefnum Mbl.is undir heitinu *Trans* þar sem rætt var við bæði transkonur og transkarla. Transfólk sem upplifir sig utan kynjaflokkanna tveggja hefur verið minna í umræðunni en einungis er hægt að benda á eitt nýlegt viðtal við einstakling sem skilgreinir sig utan þeirra. Það birtist í *Íslandi í dag* 4. nóvember 2013 (Skilgreinir ekki kyn sitt, 2013).

Þann 27. júní 2012 tóku gildi fyrstu lögini á Íslandi sem að snúa að transfólki og málefnum þeirra (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012). Það var síðan 29. janúar 2014 sem breytingar á hegningarlögum voru samþykktar og orðinu „kynvitund“ var bætt inn í 180. og 233. grein laganna. Með þeim lagabreytingum var það gert ólöglegt að mismuna transfólki í þjónustu og á atvinnumarkaði, ásamt því að ólöglegt er að hæðast að, rógbera eða smána transfólk á opinberum vettvangi (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). Fyrir þessa breytingu voru engin lög í gildi á Íslandi sem vernduðu transfólk gegn mismunun af neinu tagi.

Í lögum um réttarstöðu transfólks er tilgreint að einstaklingar eigi rétt á að undirgangast kynleiðréttingarferli og hljóta viðeigandi heilbrigðisþjónustu samkvæmt því. Lögini segja til um að skipað sé teymi sem starfar á vegum Landsspítalans og sér um meðferð og greiningu þeirra einstaklinga sem vilja undirgangast kynleiðréttingarferli (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012). Í lögnum er vísað til þess að einstaklingar séu haldnir ákveðnu ástandi sem er kallað „kynáttunarvandi“ en því er lýst á eftirfarandi hátt: „Upplifun einstaklings frá unga aldri um að hann telji sig hafa fæðst í röngu kyni og óskar að tilheyra hinu kyninu“ (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012). Samkvæmt orðalagi laganna er kynáttunarvandi því sú upplifun að vera á skjön við eigið líffræðilega kyn og það er álitid einhvers konar ástand eða vandi sem þarfnast greiningar og meðhöndlunar innan heilbrigðiskerfisins.

Bandaríska geðlækningafélagið gefur út handbókina *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders* (DSM) en í henni eru geðraskanir flokkaðar og tilgreindar. Frá árinu 1980 fram til síðustu útgáfu bókarinnar, sem var gefin út 18. maí 2013, var það að upplifa sig sem trans skilgreint sem „gender identity disorder“. Íslenska skilgreiningin á

kynáttunarvanda er því í takt við þá greiningu. Þessi greining DSM á „gender identity disorder“ gengur út á að um geðröskun sé að ræða og líkt íslenska greiningin lýsir hún vandamálinu þannig að viðkomandi samsvari ekki sínu kyni heldur hafi haft löngun til að vera „hitt kynið“ frá barnæsku og sýni dæmigerð einkenni þess kyns (American Psychiatric Association, 1994).

Í nýjustu útgáfu DSM hafa hins vegar verið gerðar töluverðar breytingar. Hugtakið hefur verið breytt og talað er um þá vanlíðan sem einstaklingar upplifa við að vera í röngu kyni (e. gender dysphoria). Ástæðan fyrir að sú breyting var gerð var að sjúkdómsvæðingin og sú stimplun sem fylgir því að vera með röskun er talin jaðarsetja og ýta undir frekari fordóma gagnvart transfólki. Bent hefur verið á að sú hugsun að transfólk sé haldið einhvers konar ástandi eða vanda sé einfaldlega röng. Samt sem áður telur Bandaríska geðlækningafélagið mikilvægt að halda einhvers konar greiningu inni og er ástæðan sú að það viðheldur aðgengi einstaklinga að þeirri heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda til að geta undirgengist kynleiðréttingarferli (American Psychiatric Association, 2013).

Þrátt fyrir þessa breytingu á DSM hefur ekki orðið breyting á íslensku greiningunni. Í lögum hérlendis er í sífellu talað um „hitt kynið“ eða „gagnstætt kyn“ og er því ljóst að löggin eru undir áhrifum tvíhyggjukynjakerfisins og snúa eingöngu að því transfólki sem vill undirgangast kynleiðréttingarferli. Talað er um skipun teymis Landspítala um kynáttunarvanda annars vegar og sérfræðinefndar um kynáttunarvanda hins vegar. Ráðherra sér um að skipa í sérfræðinefndina en þar eiga að sitja Landlæknir, lögfræðingur og geðlæknir. Teymið er síðan skipað af forstjóra Landspítalans en þar eiga að sitja allavega einn einstaklingur af sviði geðlækninga, einn af sviði innkirtlalækninga og einn af sviði sálfræði (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, nr. 57/2012). Ekki er ekki gerð krafa um neins konar sérfræðimenntun á sviði transfræða eða sérstaka reynslu af því að starfa með transfólki, þrátt fyrir að þar sé talað um „sérfræðiteymi“. Það að einstaklingar sem starfa á þessu sviði séu ekki með neina sérstaka þekkingu á málefnum transfólks skýtur skökku við. Eðlilegt væri að einstaklingar sem starfa á svo sérhæfðu sviði hefðu sérstaka reynslu og þekkingu á transmálefnum og kynjakerfinu sjálfu, einfaldlega svo að gagnkvæmur skilningur ríki á milli teymisins og þeirra sem sækjast eftir þjónustu þess. Ef sérfræðinefnd er ekki í stakk búin til að takast á við slík málefni og hefur jafnvel enga sérþekkingu á þessu sviði er hætt á að hún starfi ekki í þágu transfólks eða þeim til hagsbóta. Til að skilja málefni transfólks til fulls er eðlilegt að skoða tilurð þeirra kerfa sem það er á skjön við, einfaldlega til að gera sér fulla grein fyrir stöðu og reynslu transfólks í félagslegu samhengi.

Þó að lagaleg staða transfólks á Íslandi teljist almennt frekar góð miðað við mörg önnur lönd, samanber Regnbogakort ILGA Europe 2013 sem fer yfir lagalega stöðu hinsegin fólks víðs vegar um Evrópu, er erfitt að gera sér grein fyrir félagslegri stöðu transfólks. Lög geta verið til staðar en ekki er alltaf jafn skýrt hvort þeim sé framfylgt eða samrómur ríki um stöðu fólks í samfélaginu. Ýmislegt bendir til þess að transfólk mæti miklum fordómum og útilokun í samfélaginu þrátt fyrir lagasetningar og umræðu. Eitt skýrasta dæmið um að transfólk glími við gríðarlega fordóma, jafnvel í formi ofbeldisglæpa, má finna í tölum frá samtökunum Transgender Europe en þau halda úti vakt og skrá þau tilfelli þar sem transfólk er myrt vegna kynvitundar sinnar. Árið 2013 voru 238 slík tilfelli skráð á tólf mánaða tímabili í 26 löndum og má þar helst nefna 95 morð í Brasilíu, 40 í Mexíkó, 16 í Bandaríkjunum og 15 morð í Venesúela. Þar af voru 22 einstaklingar undir tvítugu og helmingur þeirra undir 18 ára aldri. Frá árinu 2008 hafa verið skráð alls 1.374 tilfelli í 60 löndum þar sem transfólk hefur verið myrt vegna kynvitundar. Langflest morð hafa verið framin í Mið- og Suður-Ameríku, eða 1.074 (Transgender Europe, 2013). Það er því deginum ljósara að transfólk sætir enn gríðarlegri mismunun og ofbeldi.

Rannsókn Ann P. Haas, Phillips L. Rodgers og Jody L. Hermann (2014) um sjálfsvígstíðni meðal transfólks í Bandaríkjunum sýnir einnig sláandi tölur. Að meðaltali höfðu 41% transkarla og transkvenna reynt að fremja sjálfsvíg. Hæst var sjálfsvígstíðnin hjá þeim sem voru á aldrinum 18–24 ára, hjá einstaklingum sem voru af blönduðum kynþáttum og einstaklingum í slæmri efnahagslegri stöðu (minna en 10.000 dollara árstekjur heimilisins). Sjálfsvígstíðni mældist einnig hærri hjá einstaklingum með HIV-smit eða skerðingar af einhverju tagi. 57% svarenda upplifðu útilokun frá fjölskyldu, 50–54% urðu fyrir einelti í skóla, 50–59% upplifðu áreiti í vinnu, 60% sögðu að þeim hefði verið neitað um heilbrigðisþjónustu, 64–65% höfðu orðið fyrir líkamlegu eða kynferðisofbeldi á vinnustað og 63–78% í skóla (á öllum skólastigum). 57–61% upplifðu óvirðingu eða áreiti frá lögreglu, 60–70% höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi eða kynferðisofbeldi af hálfu lögreglu og 69% höfðu á einhverjum tímupunkti verið heimilislau (Haas, Rodgers og Hermann, 2014).

Ekki hafa verið gerðar sambærilegar rannsóknir eða skýrslur um transfólk hérlendis og því er erfitt að geta sér til um raunverulega stöðu transfólks á Íslandi. Ef gengið er út frá því að staða transfólks hérlendis sé svipuð og víða annars staðar í heiminum er augljóst að hún er mjög slæm. Óvissan og skortur á rannsóknum af þessu tagi hér á landi gefur vísbendingu um hversu litla athygli íslenskt fræðasamfélag hefur veitt transfólki.

### 1.3. Barátta transfólks og femínismi

Við fyrstu sýn gæti legið í augum uppi að skilgreina baráttu transfólks sem femíníska, enda snýst hún jafnrétti, margbreytileika, útvíkkun á kynjakerfinu og höfnun þeirra samfélagslegu gilda sem að leiða til kúgunar. Raewyn Connell skrifaði árið 2012 greinina „*Transsexual Women and Feminist Thought: Toward New Understanding and New Thought*“ sem fjallar um tengsl transfólks við femínisma og fer þar yfir sögu sambands þessara tveggja hreyfinga. Hún segir frá því hvernig sumir femínistar hafa barist gegn transfólki og baráttu þeirra fyrir kynleiðréttingum og viðurkenningu á kynvitund transfólks almennt. Þar nefnir hún femínista á borð við Robin Morgan, Mary Daly, Janice Raymond og Sheilu Jeffreys. Daly skrifaði til dæmis að transsexúalismmi væri innrás í líkama og sálir kvenna og Raymond slær á svipaða strengi í bók sinni *The Transsexual Empire: The Making of the She-Male*. Þar fjallar hún um hvernig transkonur staðfesta og viðhalda ríkjandi kynjakerfum og ráðast inn í rými kvenna. Bók Raymond hafði gríðarleg áhrif og enn í dag er víða vitnað í hana. Connell segir að hún sé án efa ein áhrifamesta yfirlýsing um transfólk innan femínisma og segir frá því hvernig fleiri hafa fetað í fótspor Raymond. Ekki líta þó allir femínistar þetta mál sömu augum og margir telja transfólk algjöra brautryðjendur í afbyggingu kynjakerfisins. Má þar nefna Judith Butler, Susan Stryker, Catherine Connell og Bernice Hausman (Connell, 2012). Ástæða þess að margir líta á transfólk sem brautryðjendur í þessum efnum er sú staðreynd að margt transfólk ögrar kerfinu með því að stíga út fyrir það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu og hefur þar af leiðandi áhrif á trúverðugleika kerfisins sem óhagganlegs og náttúrulegs fyrirbæris. Transfólk ögrar þeirri rótgrónu hugsun að kyngervi fylgi humátt í átt á eftir líffræðilegu kyni. Það sýnir fram á veikleika kerfisins og varpar ljósi á glufur innan þess (Connell, 2012). Connell segir það hins vegar ekki alltaf vera raunina að transfólk ögri kerfinu. Transfólk getur staðsett sig innan tvíhyggjukynjakerfisins og jafnvel unnið að því að viðhalda því og fer það allt eftir afstöðu fólks og persónuhögum. Transfólki ætti því hvorki að vera stillt upp eingöngu sem óvinum femínisma né fyrst og fremst sem hetjum í baráttunni fyrir afbyggingu ríkjandi kerfa (Connell, 2012).

Ekki er einfalt að gera sér grein fyrir ástæðunum á bak við útilokun transfólks innan femínisma enda gefur augaleið að ýmis baráttumál femínisma eiga við um transfólk og þá sérstaklega transkonur sem konur í samfélaginu. Connell telur eina af ástæðum þess að margir femínistar séu á móti transkonum vera þær líkamlegu breytingar og aðgerðir sem margar transkonur ganga í gegnum þegar þær fara í kynleiðréttingu (Connell, 2012). Connell heldur því fram að grunnástæða þessarar togstreitu á milli transkvenna og femínista eigi rætur sínar að rekja til sjálfsmyndarpólítíkur femínisma, aðgreiningar og skýringa á stöðu kvenna. Þar

hafi myndast ákveðin gjá sem skapaði þessa togstreitu og transfólk og femínistar séu enn að vinna að því í sameiningu að byggja brýr þar á milli (Connell, 2012).

Staða transfólks innan femínisma er mikilvægur vinkill í femínískum fræðum og veitir enn víðari innsýn í reynsluheim fólks. Það skýtur skökku við að hópur sem berst fyrir jafnrétti og afbyggingu kúgandi kerfa taki þátt í jaðarsetningu og mismunun gegn þjóðfélagshópi sem á svo margt sameiginlegt með þeim fyrrnefnda. Báðir hóparnir verða fyrir áhrifum kynjakerfis og annara kúgandi kerfa í samfélaginu. Því ætti það frekar að teljast femínistum til framdráttar að útvíkka eigin hugmyndafræði og skapa ríkari og stærri reynsluheim innan femínisma í því skyni að vera betur í stakk búnir að afbyggja og berjast gegn þessum kerfum.



## 2. kafli – Kenningar

### 2.1. Tvíhyggjukynjakerfið

Þegar við tölum um kyn fólks er okkur mjög tamt að tala eingöngu um tvö: karla og konur. Þessi hugsun er svo rótgróin að fáir setja spurningarmerki við hana og flestir telja þessa tvíhyggju vera sjálfsagðan hlut. Slík aðgreining á fólki út frá kyni blasir við okkur alls staðar, í auglýsingum, bókum, greinum, lagasetningum og nánast hvar þar sem umræða um kyn á sér stað. Þessum tveimur kynjum eru síðan eignaðir ákveðnir eiginleikar, útlit, hegðun, tjáning og áhugamál sem allt er bundið hugmyndum okkur um hið karllæga og kvenlæga. Þessum tveimur heimum er síðan stillt upp sem andstæðum pólum og fátt, ef nokkuð, er ekki flokkað eftir þeim (Geir Svanson, 1998).

Hugmyndirnar sem liggja til grundvallar tvíhyggjukynjakerfinu byggjast á eðlishyggju og liggur meginþungi kerfisins í því að líffræðilegur munur sé á körlum og konum sem síðar mótar og stjórnar eðli einstaklinga. Tvíhyggjukynjakerfið stillir í sífellu upp andstæðupörum á borð við tilfinningar og skynsemi, líkama og sál, náttúru og menningu. Karlar eru taldir skynsamir, tengdir sálinni, menningu og stjórn á tilfinningum á meðan konur eru oft tengdar líkama, náttúru og ekki taldar færar um að taka stórar ákvarðanir vegna tilfinningasemi (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002). Þessar andstæður mynda svo hina fullkomnu heild sem er jafnframt forsenda hrifningar karla á konum og öfugt (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011).

Ekki þarf þó að leita lengi til að sjá að oft er meiri munur milli einstaklinga innan hópsins en á milli þessara tveggja kynja (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Vandamálið við alhæfingar um karla og konur er ekki eingöngu að ekki falla allir einstaklingar innan ákveðins hóps að fyrir fram ákveðnum hugmyndum, heldur getur eðlishyggja líka alið af sér fordóma og mismunun (Philips, 2010). Transfólk á undir högg að sækja innan tvíhyggjukynjakerfisins sem má til dæmis sjá á þeirri staðreynd að kynvitund transfólks er sjúkdómsvædd og þarfnast greiningar og meðhöndlunar innan heilbrigðiskerfis. Eðlishyggjan eignar hópum ákveðin einkenni og gerir ráð fyrir að einstaklingur innan hópsins hafi ákveðna eiginleika vegna þess að hann tilheyrir viðkomandi hóp, til dæmis að kona sé umhyggjusöm vegna þess að hún er kona en ekki vegna félagsmótunar samfélagsins (Philips, 2010). Líkleg ástæða slíkrar tvíhyggjuflokkunar í vestrænum samfélögum er gríðarleg áhersla á æxlun og fjölgun mannkyns og fólk er því flokkað í karlkyn og kvenkyn út frá kynfærum (Philips, 2010). Samfélagið skilgreinir þessa tvo flokka og gerir þá að félagslegri staðreynd sem skapar um leið lítið og hamlandi rými. Þeir sem fylgja ekki eða passa ekki inn í þessa flokka eru þar af leiðandi jaðarsettir vegna stöðu sinnar.

Þrátt fyrir að eðlishyggja hafi fengið á sig mikla gagnrýni í gegnum tíðina hafa margar hreyfingar og samtök gagnert tekið þátt í að viðhalda henni og skapað staðalímyndir fyrir ákveðna hópa. Margar kvannahreyfingar sem berjast fyrir réttindum kvenna eiga til að setja allar konur undir sama hatt og líta á þær sem hóp sem hefur alltaf sameiginlega hagsmuni. Hópurinn „konur“ er þó gríðarlega stór og fólk sem tilheyrir honum er misjafnt og hefur alls ekki alltaf sömu hagsmuna að gæta. Ákveðnar raddir fá meira rými en aðrar og alhæfingar um mismunun kvenna eða þarfir kvenna hafa í gegnum tíðina verið miðaðar að forréttindahópum innan raða kvenna, oftast hvítum, sískynjuðum, gagnkynhneigðum konum af millistétt (Philips, 2010).

Fordómafull orðræða í garð transfólks gengur oft en ekki út á að fordæma fólk með óhefðbundnar kynvitundir með staðhæfingum um að slíkt sé ónáttúrulegt, persónulegt val, frávikshæðun eða geðsjúkdómur. Ýmiss konar andsvör hafa komið fram gegn slíkri orðræðu. Eitt af þeim sem hafa náð hvað mestri fótfestu er að svona hafi einstaklingarnir fæðst og þetta sé þeim eðlislægt. Sömu rök hafa verið notuð í marga áratugi í baráttu samkynhneigðra og hefur til dæmis fjöldinn allur af tónlistarmönnum samið lagatexta um að einstaklingar „fæðist svona“. Segja má að eðlishyggja sé þar notuð til að réttlæta að einstaklingar séu á einn eða annan hátt hinsegin. Slík rök geta samt áður verið vafasöm því að um leið og sagt er að viðkomandi hafi ekkert val vegna þess að hann fæddist á ákveðinn hátt er verið að samþykkja þá fordóma og gagnrýni að fjölbreytilegar kynhneigðir og kynvitundir séu hvorki fullgildar né eftirsóknarverðar heldur verri, óæðri og ekki ásættanlegar ef viðkomandi hefði val. Á hinn bóginn má velta fyrir sér, þegar um réttindabaráttu er að ræða, hvort ákveðin eðlishyggja þurfi ekki að vera til staðar, einfaldlega til að benda á að einstaklingum er mismunað vegna þess að viðkomandi tilheyrir ákveðnum hópi.

Mótunarhyggja er stefna sem er oft stillt upp á móti eðlishyggju en samkvæmt henni er munurinn milli karla og kvenna félagslega mótaður. Sú mótun byggir einnig á tvíhyggjuhugmyndum um kyn (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Leikfangaverslanir og fataverslanir fyrir börn eru skýr dæmi um slíka aðgreiningu en þar eru leikföng og föt iðulega flokkuð í stelpur og stráka, bleikt og blátt. Þessi skipting stillir kynjunum upp sem andstæðum og einstaklingum er kennt að tileinka sér eiginleika þess kyns sem þeim var úthlutað við fæðingu (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011). Við erum undantekningarlaust skilgreind út frá þessu kerfi við fæðingu sem annaðhvort strákar eða stelpur. Gengið er út frá eðlislægum þáttum og kynfæri eru lykilþáttur í þessari skiptingu. Það gefur augaleið að slíkir þættir útiloka kynvitund transfólks en hún er oft á skjön við þau kynfæri sem viðkomandi fæðist með.

Bæði eðlishyggi og félagsmótun eru byggðar á tvíhyggjukynjakerfinu og báðar vinna að því að beina fólki eftir ákveðinni braut. Þeir einstaklingar sem falla ekki að þessari braut eiga erfiðara uppdráttar í samfélaginu og má þar sérstaklega nefna transfólk. Kynvitund þeirra er á skjön við þá hugmynd að kyngervi og líffræðilegt kyn séu órjúfanleg heild og ögrar þeirri hugmynd að strákar og stelpur hafi ákveðið eðli sem öll okkar félagsmótun er byggð á. Transfólk og kynvitund þeirra varpar því oft ljósi á viðmið og gildi sem við höfum gjarnan litið á sem algild og óhagganleg náttúrulögmál.

## 2.2. Transfólk, kyngervi og tvíhyggjukynjakerfið

Hugtakið kyngervi er margslungið og oftast en ekki grundvallað á ríkjandi viðmiðum og gildum hvers samfélags. Connell (2012) segir að kyngervi eigi sér hvorki upphaf né endi heldur sé félagslegt fyrirbæri sem er í sífellu endurskapað og styrkt í gegnum tungumál, samskipti, hegðun og verkaskiptingu. Í greininni „*Performativity Acts: An Essay in Phenomenology and Feminist Theory*“ talar Judith Butler (1988) um hvernig við erum í sífellu að endurgera og leika kyngervi okkar í gegnum gjörðir, hegðun, verkaskiptingu, klæðnað og með nánast öllu sem við gerum. Kyngervi er þar lýst sem gjörningi sem er endurtekinn í sífellu eftir fyrir fram ákveðnum og lærðum reglum. Þeir sem fylgja ekki reglunum er refsað á ýmsan hátt. Við staðfestum sífellt kyn okkar fyrir öðrum í gegnum hegðunarmynstur sem er svo rótgróið í okkar menningu og samfélagi að við gerum okkur ekki einu sinni grein fyrir því. Butler bendir á að þetta verði til þess að kyngervi sé talið eðlislægt en ekki lært í gegnum félagsmótun. Með því að leika kyngervi erum við í raun að skapa hugmyndina um kyn í gegnum gjörðir og þróun og eigum erfitt með að ímynda okkur að líffræðilegt kyn sé ekki eðlislægt eða náttúrulegt fyrirbæri. Sem dæmi um leik kyngervis tekur Butler dragmenningu, eða það að klæða sig upp sem dragdrottningu eða dragkóng. Einstaklingar sem klæðast dragi gera út á að ýkja kynjaímyndir og setja á svið hugmyndir um kynjaða hegðun karla og kvenna. Drag sýnir því fram á hversu leikin þessi hlutverk eru og hve auðvelt er að endurleika þau. Ef þessi kynjaskipting væri virkilega eins skýr, sjálfsögð og eðlislæg og við höldum, segir Butler, þyrftum við ekki alltaf að rembast eins og rjúpan við staurinn við að staðfesta hana (Butler, 1993). Öll sú félagsmótun og tilbúningur sem við leggjum í kyn er eitthvað sem er stanslaust haldið að okkur og við erum því í sífellu að staðfesta og leika kyn. Ef þessi munur væri raunverulegur væri hann heldur varla svona síbreytilegur og mismunandi eftir menningarheimum eins og raun ber vitni.

Einstaklingum er úthlutað tiltekið kyn út frá kynfærum og þeirra kyngervi mótað eftir því. Transfólk brýtur hinsvegar upp þetta kerfi og þá sérstaklega það transfólk sem að kýs að

lifa utan flokkun tvíhyggjukynjakerfisins í karla og konur. Þau rjúfa þá hlekkina sem binda saman líffræðilegt kyn og kyngervi og þá skapast rými til að af-gera eða endur-gera kyngervi, eins og Catherine Connell (2010) bendir á. Transfólk vekur því fræðimenn og aðra til umhugsunar um mótun kyngervis, viðmið og gildi okkar um kyn. Fyrst að líffræðilegt kyn ákvarðar ekki kyngervi okkar, hvað ákvarðar það þá?

Margir sagnfræðingar telja tilkomu kyngervis og tengingu þess við líffræði vera tiltölulega nýja. Í mörgum menningarheimum er þessi skipting alls ekki svona tvískipt og mörg dæmi eru um þjóðfélög þar sem hún er ekki til staðar (Geir Svansson, 1998). Geir Svanson lýsir því að á tímum Platóns og Aristófanesar hafi verið talað um þrjú kyn og þar hafi þriðja kynið verið eins konar blanda af hinum tveimur. Kynin voru þar bundin við guði en karlkynið var tileinkað sólarguðinum Helíosi, kvenkynið jarðarmóðurinni Gaju og þriðja kynið Selene, er táknaði tunglið (Geir Svansson, 1998). Einnig eru til dæmi í samtímanum um samfélög þar sem algildi kynjanna tveggja út frá líffræði er dregið í efa, til dæmis samfélag „hijra“ einstaklinga, sem er trúbundið samfélag í Indlandi. *Hijra* eru einstaklingar sem í vestrænu samfélagi yrði úthlutað karlkyn við fæðingu en klæðast og hegða sér sem konur og tilbiðja Bauchara Mata, sem er ein birtingarmynd móðurgyðju Indlands. Þessir einstaklingar láta svo fjarlægja kynfæri sín við trúarlega athöfn. Aðgerðin gerir einstaklingana að *hijra*, það er hvorki karlmanni né konu. *Hijra* einstaklingar tileinka sér því þriðja kyngervið og lifa sínu lífi í samræmi við það (Nanda, 1993).

Transfólk er á margan hátt á skjön við tvíhyggjukynjakerfið og augljóst er að ekki eru til staðar skýrar línur um kyn og kyngervi í öllum menningarheimum. Hvað telst kvenlegt eða karlmannlegt hlýtur því að vera háð hverri menningu fyrir sig, sem og aðstæðum og tíma. Út frá því er hægt að segja að hugmyndir vestrænna samfélaga um hvað telst karlmannlegt og hvað kvenlegt sé félagslegur tilbúningur byggður upp af sterku og ríkjandi kerfi.

### **2.3. Karlmennskur og kvenleikar sem afurð tvíhyggjukynjakerfisins**

Karlmennska og kvenleiki birtist sem eiginleikar karla og kvenna og er skilyrt við tvíhyggjukynjakerfið (Eygló Margrét Stefánsdóttir, 2013). Kerfið elur ekki eingöngu af sér hugmyndir um eðlislægan mun á körlum og konum, heldur eru karlar yfirskipaðir innan þess og konur undirskipaðar. Þessi staða þar sem yfirráð karla eru allsráðandi hefur verið nefnt feðraveldi (e. patriarchy) og tvíhyggjukerfið og feðraveldið vinna náið saman að viðhalda yfirráðum karlanna. (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011). Jafnvel innan hinnar ríkjandi karlmennsku er stigveldi og er ekki nema mjög þröngur hópur karlanna sem trónir á toppnum. Þeir hópar karlanna sem að uppfylla ekki skilyrði hinnar ríkjandi karlmennsku eru

Því neðar í stigveldinu og eiga erfiðar uppdráttar í samfélaginu. Þetta stigveldi er byggt á ríkjandi karlmennsku (e. hegemonic masculinity) sem er hugtak sem að fræðikonan Raewyn Connell kom fyrst fram með. Ríkjandi karlmennska er sterklega tengd hugmyndum okkar um hið karllæga og eiginleikar tengdir hinu karllæga settir á stall. Aðrir hópar karla, til dæmis hommar og „ókarlmannlegir“ karlmenn, eru svo skilgreindir út frá ríkjandi karlmennsku og jafnframt settir neðar í virðingarstiganum. Hugtakið á rætur sínar að rekja til hugtaksins „menningarleg yfirráð“ (e. cultural hegemony) sem er komið frá Antonio Gramsci og fjallar um valdatengsl á milli stétta í samfélaginu (Giddens og Sutton, 2013).

Connell segir ríkjandi karlmennsku eiga rætur sínar að rekja til hugmyndarinnar um karlinn sem fyrirvinnu heimilisins (e. breadwinner) og að hún sé bundin mjög rótgrónu og sterku stigveldi í okkar samfélagi. Ríkjandi karlmennska viðheldur því valdastöðu ákveðins hóps karlmanna, sem í vestrænum samfélögum á við hinn gagnkynhneigða, sískynjaða, hvíta, ófatlaða karlmann af millistétt. Ríkjandi karlmennska öðlast styrk sinn í því að dulbúast sem eðlilegt ástand og viðheldur þannig stöðu sinni í samfélaginu. Gert er ráð fyrir því að karlar tileinki sér ákveðin karllæg einkenni sem styrkja stöðu þeirra í þessu kerfi. Innan raða karlmanna er því skýr lagskipting og samkynhneigðir karlmenn lenda til dæmis neðar í virðingarstiganum þar sem gagnkynhneigð er talin eðlileg og ríkjandi. Karlmenn sem hafa aðrar kynhneigðir eða eiginleika sem gætu talist kvenlegir eru því settir skör neðar en ríkjandi karlmennska. Samspil stéttar og kynþáttar koma einnig inn í hina ríkjandi karlmennsku. Connell segir hana viðhalda stigveldi og stofnanabundinni mismunun gagnvart svörtum, sem á þátt í því að móta karlmennsku svartra karlmanna og aðgreina hana frá karlmennsku hvíttra karlmanna. Einkenni á borð við ofbeldishneigð eru þar til dæmis tengd við karlmennsku svartra karlmanna. Kröfur hinnar ríkjandi karlmennsku eru svo miklar að mjög fáir karlmenn geta uppfyllt skilyrðin til fulls. Þrátt fyrir það græða karlmenn almennt á því hversu sterkt feðraveldið er og að það viðheldur stöðu karlmanna ofar en kvenna. Connell telur ríkjandi stöðu karla samt vera mun flóknara fyrirbæri en að karlmenn hafi hrein yfirráð yfir konum og noti vald á borð við ofbeldi og hótanir. Þvert á móti segir Connell að þessum yfirráðum sé einnig viðhaldið í gegnum menningu, stofnanir og aðra þætti samfélagsins (Connell, 2005).

Samkvæmt hugmyndum Connell um ríkjandi karlmennsku mætti færa rök fyrir því að transfólk sé neðarlega í stigveldinu en sjúkdómsvæðing á kynvitund transfólks er eitt af skýrustu dæmunum um bága stöðu þeirra. Transkonur hljóta að vera mjög neðarlega í þessu kerfi þar sem þær færast úr forréttindastöðu karla yfir í stöðu kvenna þegar þær afhjúpa sína kynvitund. Transkarlar gætu hugsanlega átt auðveldara uppdráttar innan þessa kerfis en transkonur ef þeir uppfylla skilyrði ríkjandi karlmenskunnar en líklega geta þeir aldrei til

fulls öðlast ríkjandi karlmennsku, sérstaklega ekki ef fortíð þeirra og staða sem transkarlar er opinber.

Í greininni *Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis*, fjallar Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) um hugtökin mengandi og styðjandi kvenleiki og hvernig ákveðinn hópur kvenna er skör ofar en aðrir hópar kvenna í samfélaginu. *Styðjandi kvenleiki* er sú gerð kvenleika sem styrkir og á þátt í að viðhalda hinni ríkjandi karlmennsku og yfirráðum hennar. *Mengandi kvenleiki* (e. pariah femininity) er hugtak sem kemur frá félagsfræðinum Mimi Schippers (2007) og fjallar um þá gerð kvenleika sem setur spurningarmerki við ríkjandi karlmennsku og yfirráðin sem karlmenn hljóta yfir konum. Mengandi kvenleiki er óhlýðinn kerfinu, ögrar því, vinnur að því að afbyggja ríkjandi kerfi og er andstæða styðjandi kvenleika (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012).

Styðjandi kvenleiki á í gagnvirku sambandi við ríkjandi karlmennsku og uppfyllir langanir og þarfir karla. Styðjandi kvenleiki á því þátt í að viðhalda kerfisbundnum yfirráðum karla yfir konum (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012). Þegar konur taka þátt í slíku kerfi er það oft ómeðvitað og jafnvel væri hægt að líkja því við kenningar félagsfræðingins Patriciu Hill Collins (2000) en hún skrifar um mjög sterkt og umlykjandi valdasvið innan samfélagsins þar sem „völd kúgarans“ eru tilgreind. Hún telur þar upp alls fjögur valdasvið en hið fjórða er þegar kúgarinn hefur tekið sér bólfestu í sjálfinu (e. interpersonal domain of power).

Ríkjandi karlmennska og styðjandi kvenleiki vinna saman að því að útiloka mengandi kvenleika. Mengandi kvenleiki er óæskileg gerð kvenleika og nauðsynlegur til að skilgreina styðjandi kvenleika. Femínísmi og mengandi kvenleiki er oft og tíðum tengt saman og er samlíking þeirra oft notuð til að draga úr lögmæti þeirra sem berjast gegn ríkjandi kerfum, til dæmis femínista (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012).

Hægt væri að yfirfæra kenninguna um mengandi og styðjandi kvenleika yfir á veruleika og samfélag transfólks og truflun þeirra á tvíhyggjukynjakerfinu. Það transfólk sem að er á skjön við gildi tvíhyggjukynjakerfisins hlýtur að stuðla að mengandi kvenleika, á meðan þær transkonur sem falla betur að staðalímyndum eða leitast jafnvel við að staðfesta þær tileinka sér styðjandi kvenleika. Transfólk hefur kynvitund sem er á skjön við hefðbundin gildi og viðmið samfélagsins og er kynvitund þeirra fordæmd, jaðarsett og sjúkdómsvædd af ríkjandi kerfi. Á þann hátt er transfólki refsað fyrir að spila ekki eftir reglunum, líkt og þeim sem tileinka sér mengandi kvenleika. Því mætti segja að transfólk hafi „mengandi kynvitund“ eða „mengandi kyngervi“ á meðan þeir sem styðja við kerfið séu með „styðjandi kynvitund“ eða „styðjandi kyngervi“ sem ákvarðast út frá ríkjandi tvíhyggjukynjakerfi.

## 2.4. Kynjakerfið í orðræðu og sem mýta

Núverandi kynjakerfi í vestrænum samfélögum er í stöðugri þróun og aðlagast aðstæðum og tíma. Orðræða spilar þar lykilhlutverk og á þátt í að skipa ákveðnum hugmyndum og gildum sess sem eitthvað sem er algildandi og óhreyfanlegt. Michel Foucault (1969/2002) lýsir hugtakinu *orðræða* ekki endilega sem orðum sem eru sögð eða skrifuð heldur sem flóknu samspili orða, gjörða, þöggunar og reynslu. Orðræða um kyn getur því verið mjög dulbúin og erfitt að gera sér grein fyrir henni (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011). Flestir taka þátt í notkun orðræðunnar og verður það til þess að veruleikinn er gegnsýrður af gildum og viðmiðum sem teljast eðlislæg og algildandi. Erfitt er að geta sér til um allar hugsanlegar birtingarmyndir kerfisins og hversu víða orðræðan hefur tekið sér bólfestu (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2011).

Í kaflanum „Myth Today“ í bókinni *Mythologies* (1957/1972), fjallar Roland Barthes um mýtur í samtímanum. Í upphafi kaflans skrifar hann mjög einfalda en greinargóða skýringu á mýtu: „Hvað er mýta, í nútímanum? Ég skal gefa fyrsta svarið, og jafnframt mjög einfalt svar, sem er í fullkomnu samræmi við táknfræði: mýta er gerð orðræðu“ (Roland Barthes, 1957/1972).<sup>1</sup> Mýta er ákveðið kerfi sem er byggt upp í gegnum samskipti fólks. Mýta er því ekki hlutur, hugtak eða hugmynd heldur tilbúningur sem öðlast gildi í gegnum orðræðu. Barthes segir að allt geti í raun verið mýta og það séu engin lögmál um hvað geti verið mýta og hvað ekki. Á meðan mýtan fær byr undir báða vængi í gegnum orðræðu getur hún öðlast stöðu sem mýta og fest í hugum manna. Mýtur eru þó ekki ódauðlegar og eru bundnar við sögulegt gildi (Roland Barthes, 1957/1972).

Mýtur breiðast út og koma fram á mörgum sviðum, til dæmis í gegnum myndir, tákn, bíómyndir, íþróttir, fjölmiðla og samfélagsleg kerfi svo fátt sé nefnt. Myndir og myndefni skapa ákveðnar hugmyndir í hugum manna og getur verið táknrænt fyrir mýtuna. Mýtan færir þannig úr orðræðu og yfir á myndrænt form en myndir og tákn gefa okkur oft mun sterkari skilaboð en orð (Roland Barthes, 1957/1972). Til að skilja betur hvernig mýta nýtir sér tákn styðst Barthes við táknfræði (e. semiology) eða táknfræðikerfi. Táknfræði er fræði sem skoðar tákn og merkingu þeirra, burtséð frá birtingarmynd. Táknfræðin skoðar tenginguna á milli tveggja þátta, táknmiðs (e. signified), táknmyndar (e. signifier). Tengslin á

---

<sup>1</sup> “What is a myth, today? I shall give at the outset a first, very simple answer, which is perfectly consistent with etymology: myth is a type of speech.” - Roland Barthes.

milli þeirra eru ekki eingöngu það sem gefur þeim merkingu heldur líka mismunurinn á milli einstakra tákna og afstaða þeirra gagnvart öðrum táknum. Þau tengsl eru aldrei náttúruleg, heldur afstæðukennd eða tilviljanabundin. Mýta nýtir sér alltaf eitthvað sem er þegar til og táknið verður þar af leiðandi að tákmynd í mýtunni. Tákn og mýta eru því bundin sterkum tengslum. Mörg tákn geta hins vegar táknað sömu mýtuna og hún birtist því oft í mörgum gervum. Slíkt er mjög bundið samhengi hverju sinni (Barthes, 1957/1972). Ýmiss konar tákn geta til dæmis táknað kvenleika og má þar nefna föt, snyrtivörur, líkamsvöxt, kynjatákn á klósettum og fleira.

Barthes telur að mýtur séu lesnar á mismunandi hátt og nefnir þar þrjár leiðir sem fólk notar. Fyrsta leiðin er þegar hugmyndin bak við mýtuna er talin jákvæð og hún lesin sem slík. Þetta er oftast sjónarhorn þeirra sem skapa hana, til dæmis í gegnum auglýsingar, fjölmiðlaefni og áróður. Önnur leiðin er þegar mýtan er lesin á gagnrýninn hátt og áherslan er á tákmyndina og það sem henni er ætlað að fela. Þriðja leiðin er svo þegar við tökum mýtunni sem sjálfsögðum hlut án þess að setja spurningarmerki við hana eða það sem hún boðar en mýtan leitast einmitt við að ná slíkri bólfestu í hugum manna. Mýtan reynir að gera sig algildandi þannig að einstaklingar skynji hana sem náttúrulegan hlut sem sprettur út frá eðli hluta eða einstaklinga. Þetta nýta ráðandi öfl sér sem reyna að viðhalda sinni heimsýn og mýtum sem eðlilegum og náttúrulegum. Þar af leiðandi verða mýturnar sjálfar oft ópólítískar en afhjúpun og andóf gegn þeim pólitískt og kallar á átök (Barthes, 1957/1972).

Sem dæmi má taka merkingar á salernum. Salerni eru iðulega merkt með táknum sem merkja annaðhvort *karl* eða *kona*. Við lærum öll í gegnum félagsmótun og orðræðu muninn þar á milli og hvert ferð okkar er heitið þegar við nýtum okkur salernisaðstöðu í almannarými. Velta má fyrir sér þeim ástæðum sem liggja að baki þessari skiptingu. Svo virðist sem alls staðar þar sem nekt á í hlut þurfi að aðskilja karla og konur. Einnig koma oft upp spurningar um öryggi og þau rök notuð að konur þurfi vernd frá körlum. Slíkt telst þó seint raunhæft, enda umgangast karlar og konur hvort annað nánast allar stundir og er því einkennilegt að halda því fram að konur þurfi eingöngu vernd frá körlum inni á salernum (Westbrook og Schilt, 2013).

Fólk sem passar ekki inn í þessa skiptingu, hvort sem um er að ræða transfólk eða fólk sem er á skjön við kynjakerfið hvað varðar útlit eða tjáningu af einhverju tagi, er meinaður aðgangur eða verður fyrir alls kyns áreiti, bæði andlegu og líkamlegu, á almenningsalernum og/eða búningsklefum (Westbrook og Schilt, 2013). Sem dæmi um slíkt má taka að nýlega var transkarl barinn á bar í Reykjavík fyrir að nota salernisaðstöðu karla („Hefði aldrei dottið í hug að svona gæti gerst á Íslandi“, 2012). Salernisaðstaða og skipting þeirra hefur valdið



ýmsum vandkvæðum þegar kemur að transfólki og vakið spurningar um hvaða aðstöðu transfólk eigi að nota. Í grein Laurel Westbrook og Kristen Schilt, *Doing Gender, Determining Gender* (2013) er fjallað um hina þrálátu kynjaskiptingu og rými sem eru eingöngu ætluð konum. Slík rými hafa valdið alls kyns umræðum þegar kemur að transkonum og hvort þær eigi rétt á því að nýta sér salernisaðstöðu kvenna. Umræðan um öryggi, kynfæri og hormónastig eru þar í fyrirrúmi en ýmsir hafa lýst yfir áhyggjum af því að ef transkonur hafi leyfi til að nota salernisaðstöðu kvenna veiti það hverjum sem er tækifæri á að nýta sér aðstöðuna undir þeim formerkjum að vera transkona (Westbrook og Schilt, 2013). Í rannsókninni virtust þessir þættir almennt ekki vera tiltökumál fyrir transkarla (Westbrook, Schilt, 2013), sem stingur í stúf við fyrrgreint atvik sem átti sér stað hérlendis. Westbrook og Schilt tala um hvernig þessi hugsun sé byggð á tvíhyggjuhugmyndum um karla og konur. Karlar eru almennt taldir hafa líkamlega yfirburði fram yfir konur og þar af leiðandi hljóti konum að stafa sífellt hætta af karlmönnum. Westbrook og Schilt velta fyrir sér því hvort þessi hræðsla snúist ekki fyrst og fremst um karlmenn, heldur einfaldlega um getnaðarliminn og hvort hann sé til staðar eður ei. Það kemur heim og saman við hræðslu fólks við aðgang transkvenna að salernisaðstöðu kvenna (Westbrook og Schilt, 2013). Kynjaskipting elur þannig af sér mjög fordómafullar mýtur um karla og konur og stöðu þeirra gagnvart hvort öðru. Westbrook og Schilt segja þessar hugmyndir og áhyggjur af rýmum sem eru eingöngu ætluð konum ala á fordómafullum hugmyndum um gagnkynhneigð og að allir gagnkynhneigðir karlmenn séu hugsanlegir nauðgarar (Westbrook og Schilt, 2013). Mýtan sem boðar þessa skiptingu og nýtir sér þessi tákni er því í raun byggð á kynfærum og þá getnaðarlimnum sérstaklega en hann er oftast en ekki eingöngu kenndur við karlmenn.

Eins og áður kom fram eru mýtur sögulegar og bundar ákveðnu samhengi. Mýtur reyna samt að fela sitt sögulega samhengi og halda lífi eins lengi og mögulegt er. Barthes telur upp helstu gerðir mýta og talar þar um bólusetningu (e. inoculation), söguna sem numin er á brott (e. the privation of history), samsömun (e. identification), tuggur (e. tautology), hvorki-né (e. neither-norism) og framsetningu staðreynda (e. the statement of fact). *Bólusetning* er þegar kerfislæg kúgun eða vonska stofnana er viðurkennd en um leið viðhaldið eða hefðir eru notaðar til að réttlæta kúgun og galla samfélagsins (Barthes, 1957/1972). *Sagan numin á brott* á við þegar að horft er framhjá sögu fólks og/eða fyrirbæra til að réttlæta það að fólk sem er í forréttindastöðu geti notið þeirra án samviskubits (Barthes, 1957/1972). *Samsömun* er þegar einstaklingar smætta aðra niður í það sem viðkomandi getur fundið í sjálfum sér og samsamað sig við. Ef þetta er ekki hægt þá er „hinn“ séður í ljósi staðalímynda eða ýkja (Barthes, 1957/1972). Slík hugsun veldur því oft að ólíkt fólk er sett undir sama hatt, til dæmis

transfólk, og þeim eignaðir sameiginlegir hagsmunir og eiginleikar. *Tuggur* eru orð eða máltæki sem eru notuð til að reyna að festa í sessi staðhæfingar sem eðlilegar eða algilandi (Barthes, 1957/1972). Dæmi um slíkar tuggur eru „konur eru konum verstar“ eða „strákar verða alltaf strákar“. *Hvorki-né* er þegar látið er sem eingöngu tveir möguleikar séu í boði og þegar báðir eru afskrifaðir er því haldið fram að óbreytt ástand sé best og eðlilegast (Barthes, 1957/1972). Dæmi um þetta er framsetning karlkyns og kvenkyns sem tveggja óhreyfanlegra flokka. Látið er líta út fyrir að þetta séu eðlislægir og fastir þættir sem ekki sé hægt að stíga út fyrir. Ef þeir væru afskrifaðir myndi tvíhyggjukynjakerfið falla saman en í gegnum orðræðu hefur samfélagið verið sannfært um mikilvægi þess að viðhalda þessum flokkum. *Framsetning staðreynda* er svo þegar mýtum er slegið fram sem algildum staðreyndum sem allir eiga að vita og eru sammála um (Barthes, 1957/1972). Dæmi um slíkt er þegar fólk segir kyn ákvarðast eingöngu af líffræðilegum þáttum og að það séu eingöngu til tvö kyn.

Þrátt fyrir greinargóða lýsingu Barthes á mýtum snýr verk hans ekki að kyni, kyngervi eða tvíhyggjukynjakerfinu, heldur stéttum. Þó er ekki erfitt að yfirfæra skilgreiningar hans á kyn og tvíhyggjukynjakerfið. Tvíhyggjukynjakerfið hefur skapað sér sess í menningu okkar í gegnum orðræðu þar sem kynfæri eru orðin táknmynd á meðan hugmyndir okkar um kynin eru táknmiðið og kynjakerfið miðlar tengslunum þar á milli. Því mætti segja að tvíhyggjukynjakerfið sé orðið mýta sem hefur náð að dulbúa sig sem sjálfsagðan hlut en það er einmitt það sem mýtur leitast við að gera til að halda lífi. Þeir sem reyna að afhjúpa kerfið eða stíga út fyrir það verða pólitískir andstæðingar mýtunnar, á meðan það að viðhalda óbreyttu ástandi telst eðlilegt og ekki pólitísk afstaða. Tvíhyggjukynjakerfinu er því haldið við þrátt fyrir neikvæðar afleiðingar þess á ýmsa hópa.

### **3. kafli: Áhrif tvíhyggjunnar á transfólk**

#### **3.1. Tvíhyggjukynjakerfið og virknikenningar**

Eins og áður hefur komið fram á orðræðan um kyn og kyngervi sem tvo óaðskiljanlega hluti rætur sínar að rekja til ákveðinnar eðlishyggju. Þessi eðlishyggja byggist á mjög sterku tvíhyggjukerfi sem skiptir fólki í karla og konur og fer félagsmótun einstaklinga að miklu leyti eftir þeim flokkum. Félagfræðingurinn Robert Merton, sem hefur kennt sig við virknikenningar (e. functionalism), skrifaði meðal annars um þá skaðsemi sem kerfi eða stofnanir geta gert samfélaginu (Ritzer og Stepnisky, 2014). Virknikenningar hafa oft einblínt á hvernig samfélagið er byggt upp af mismunandi stofnunum sem vinna saman að því að viðhalda samfélaginu þar sem hver og ein stofnun spilar ákveðið hlutverk. Mikið er lagt upp úr samfélagslegri sátt og fyrri tíma fræðimenn einblíndu mikið á hvernig virkni (e. functions) í samfélaginu hefði eingöngu jákvæð áhrif (Ritzer og Stepnisky, 2014). Merton gagnrýndi slíkar staðhæfingar og talaði um að virkni stuðlaði að aðlögun tiltekinna kerfa. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að virkni hefur ekki alltaf jákvæð áhrif á einstaklinga eða samfélagið en þar komum við að því sem Merton kallaði neikvæða virkni (e. dysfunctions). Líkt og stofnanir eða virkni geta haldið samfélaginu gangandi og haft jákvæð áhrif á einum stað, getur virkni einnig haft skaðleg áhrif annars staðar (Ritzer og Stepnisky, 2014). Til dæmis þjónar tvíhyggjukynjakerfið vissulega þeim sem spila eftir reglunum en vinnur beinlínis gegn þeim sem gera það ekki, sem leiðir til fordóma, mismununar og kúgunar þjóðfélagshópa. Ekki er hægt að skoða áhrif virkni eingöngu út frá samfélagslegu samhengi, heldur þarf líka að gera það innan stofnana og hópanna sjálfra (Ritzer og Stepnisky, 2014). Þrátt fyrir að stofnun eða kerfi sé augljóslega skaðlegt fyrir samfélagið viðhelst það samt vegna ríkjandi orðræðu, viðmiða og gilda (Ritzer og Stepnisky, 2014). Mörg kerfi og stofnanir eru ekki endilega nauðsynleg samfélaginu og gæti samfélagið til dæmis vel virkað án mismununar minnihlutahópa (Ritzer og Stepnisky, 2014). Á sama hátt mætti segja að tvíhyggjukynjakerfið sé mun skaðlegra en jákvætt fyrir samfélagið en því er samt sem áður viðhaldið og hefur það í för með sér ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir marga hópa, þar á meðal transfólk.

#### **3.2. Sjúkdómsvæðing sem afleiðing – meðferð og greining**

Ef horft er til þeirra afleiðinga sem tvíhyggjukynjakerfið hefur á transfólk mætti nefna sjúkdómsvæðingu sem dæmi. Hérlendis er transfólk greint með kynáttunarvanda og slík greining hefur í för með sér að transfólk er álitid haldið einhvers konar ástandi eða vanda sem

þarf að laga. Einstaklingar eru ekki taldir heilir heldur veikir, brotnir, ófullkomnir og þar fram eftir götunum. Besta lausnin á þessum vanda eða ástandi er talið vera kynleiðréttingarferli sem endar á kynleiðréttingaraðgerð. Hér á eftir verður greiningarviðmiðið sem notað er héraðs borið saman við eldri útgáfu DSM-handbókarinnar, sem er að miklu leyti eins og íslensku viðmiðin.

Bæði eldri greiningarviðmið DSM-handbókarinnar og lög in héraðs ganga út frá ríkjandi orðræðu um kyn og snúast meðferðir og greining um að athuga hvernig transfólk aðlagast og lifir lífi sínu sem „hitt kynið“. Mikið er horft á félagslega stöðu, vinatengsl, tengsl við fjölskyldu, löngun til að tilheyra „gagnstæðu“ kyni og möguleika á eftirsjá. Með því er verið að kanna hvort einstaklingar geti lifað farsælu lífi innan tiltekins ramma. Það mætti ganga svo langt að segja að verið sé að athuga hvort viðkomandi uppfylli ríkjandi orðræðu þess kyns sem hann vill laga líkama sinn að og því sé verið að ganga úr skugga um að viðkomandi uppfylli skilyrði tvíhyggjukynjakerfisins (Butler, 2004). Slíkar ályktanir er hægt að draga út frá orðalagi lagana en þar er sífellt talað um „hitt“ kynið eða „gagnstætt“ kyn sem bendir til þess að eingöngu sé um tvö kyn að ræða og að einstaklingar verði að fylgja þeim reglum sem fylgja tilteknu kyni (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012). Þessi greining skapar óneitanlega orðræðu um hvað sé eðlilegt, hvernig megi leiðrétta, aðlaga og eðlisvæða einstaklinga. Þetta staðfestir og styrkir tvíhyggjukynjakerfið og um leið jaðarsetur enn frekar þá sem falla ekki að kerfinu (Butler, 2004).

Skiptar skoðanir eru um hvort einhvers konar sjúkdómsgreining á kynvitund transfólks eigi yfirhöfuð að vera til staðar. Slík greining veitir transfólki oft aðgang að heilbrigðisþjónustu sem það þarf á að halda og opnar möguleikann á að nýta sjúkratryggingar eða aðrar tryggingar til að borga dýrt kynleiðréttingarferli (Butler, 2004). Greining og ferli til kynleiðréttingar héraðs er meðhöndlað af sálfræðingum, geðlæknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki og taka sjúkratryggingar þátt í kostnaði kynleiðréttingaraðgerðar (Þingskjal 1174, 2011-2012). Til að umsókn einstaklings um að hefja kynleiðréttingarferli sé tekin gild þarf einstaklingur að vera lögráða, hafa lögheimili á Íslandi og hafa búíð hér í að minnsta kosti tvö ár, ásamt því að vera sjúkratryggður samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Einnig þarf viðkomandi að hafa hlotið meðferð og greiningu hjá teymi Landspítala um kynáttunarvanda sem segir til um hvort viðkomandi sé „hæfur“ til þess að undirgangast kynleiðréttingu (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012). Ef skilgreining á kynvitund transfólks yrði tekin út úr lögum sem ástand eða vandi sem þarfnast meðferðar og greiningar væri hætta á að sjúkratryggingar héraðs myndu ekki taka þátt í

kynleiðréttingaraðgerðum (Þingskjal 1174, 2011–2012). Það myndi útiloka þá sem eru ekki í efnahagslegri stöðu til að fara í slíkt ferli.

Eins og áður hefur komið fram er talað í sífellu talað um „gagnstætt“ kyn og að einstaklingur hafi upplifað sig af „hinu kyninu“ í lögum hérlendis. Einstaklingar þurfa að hafa upplifað þessa löngun frá barnæsku og óska eftir að tilheyra „hinu“ kyninu (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda nr. 57/2012). Meðferð og greining er því á vissan hátt lausn á kynáttunarfanda sem er læknaður með kynleiðréttingarferlinu. Susan Stryker hefur velt fyrir sér þeirri staðreynd að eina geðröskunin sem telst læknanleg með skurðaðgerð sé sú röskun sem transfólk er skilgreint með. Aðrar geðraskanir eru ekki læknanlegar með neins konar skurðaðgerð og því er hægt að setja stórt spurningarmerki við lögmæti greiningarviðmiða út frá þeim forsendum (Stryker, 2008).

Núverandi skilgreining DSM-handbókarinnar á því sem kallað er „gender dysphoria“ á mun betur við en sú eldri og einnig betur en hugtakið kynáttunarfandi sem notað er hérlendis. Núverandi skilgreining DSM-handbókarinnar greinir ástandið ekki sem röskun eða vanda sem gerir það að verkum að þú upplifir þig sem trans, heldur snýst þetta um þá vanlíðan sem viðkomandi upplifir við það að vera í röngu kyni (American Psychiatric Association, 2013). Slíkt myndi teljast mikið nær lagi og hefur ekki í för með sér sjúkdómsvæðingu á kynvitund einstaklinga sem slíkri. Hérlendis er enn viðvarandi sú hugsun að það að vera trans sé einhvers konar vandi eða ástand sem þarfnast meðferðar og greiningar hjá heilbrigðisstarfsfólki. Greining setur völdin í hendur annarra sem þurfa að greina einstaklinga og ákvarða hvort þeir séu „tilbúnir“ eða „hæfir“ (Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda nr. 57/2012). Slíkt sviptir transfólk sjálfsákvörðunarrétti og greining hlýtur því almennt að vinna gegn sjálfræði transfólks. Transfólk þarf að setta sig við að þurfa að uppfylla alls konar skilyrði til að fá viðeigandi heilbrigðisþjónustu (Butler, 2004). Á meðan tvíhyggjukynjakerfið heldur sessi sínum í gegnum orðræðu hlýtur það að njóta góðs af því að kynvitund transfólks sé gerð að fráviki. Þannig nær kerfið að dulbúa og eðlisvæða ákveðið kyngervi, kynvitund og kyntjáningu og viðheldur þannig stöðu sinni.

## Lokaorð og umræða

Enn skortir mjög umræðu um málefni transfólks héraendis (sem og erlendis) og fordómar, skilningsleysi og ofbeldi eru viðvarandi hluti af veruleika þess. Miklu er á að taka í tengslum við transfólk og veruleiki þeirra er mun margþættari en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Slíkt má til dæmis sjá á lítilli fjölmiðlaumræðu almennt og þeirri staðreynd að engar lagasetningar héraendis eiga við þann hóp transfólk sem skilgreinir sig utan tvíhyggjukynjakerfisins. Á Íslandi eru lagasetningar ekki langt á veg komnar þrátt fyrir að vera nokkuð framarlega á alþjóðavísu. Það segir sitt um hversu stutt lög af þessu tagi eru komin annars staðar í heiminum. Þrátt fyrir að lagaleg staða transfólks sé nokkuð góð er samt sem áður erfitt að gera sér grein fyrir félagslegri stöðu þess og transfólk lendar í miklum fordómum og ofbeldisglæpum vegna kynvitundar, bæði erlendis og héraendis. Lítið er um fræðilegt efni um málefni transfólks héraendis og engar rannsóknir hafa sérstaklega skoðað stöðu transfólks á Íslandi. Erfitt er því að geta sér til um stöðu þeirra en ef marka má erlendar rannsóknir er ljóst að hún er ekki góð.

Transfólk hefur átt erfitt uppdráttar innan femínisma og á jafnvel enn þann dag í dag. Margar áhrifamiklar fræðikonur innan femínisma hafa barist hartrammlega gegn transfólki og hefur það gert transfólki erfitt fyrir í fræðilegri femínískri umræðu. Þrátt fyrir miklar mótbárur innan femínisma eru margar sterkar fræðikonur innan femínisma sjálfar transkonur og má þar helst nefna Raewyn Connell og Susan Stryker. Fleiri fræðikonur sem eru sískynjaðar hafa einnig opnað umræðuna varðandi transfólk, svo sem Judith Butler, Catherine Connell og Bernice Hausman. Skiptar skoðanir eru uppi um hvort transfólk staðfesti í raun tvíhyggjukynjakerfið og geri innrás í femínískt rými eða séu brautryðjendur í afbyggingu ríkjandi kerfa og orðræðna. Raewyn Connell talar um að hvorki sé hægt að líta á transfólk sem óvini femínisma né hetjur nýrrar heimshugsunar eða valkyrjur í afbyggingu ríkjandi kerfa, heldur geti transfólk líkt og aðrir verið mjög meðvitað eða ómeðvitað um ríkjandi kerfi og orðræðu (Connell, 2012). Það er því alveg jafn líklegt að transfólk og sísfólk staðfesti og viðhaldi ríkjandi kerfum og fer meðvitund um kerfi eftir einstaklingum en ekki kynvitund. Barátta transfólks við ríkjandi kerfi á margt sameiginlegt með baráttu femínisma, enda berjast femínistar fyrir jafnrétti og afbyggingu kúgandi kerfa. Það skýtur því skökku við að fræðafólk

innan femínisma skuli berjast gegn transfólki í stað þess að fagna fjölbreytileika og gefa því gaum að transfólki er mismunað út frá sömu kerfum og femínistar hyggjast afhjúpa og afbyggja.

Tvíhyggjukynjakerfið er mjög ráðandi kerfi í okkar veruleika og skapar miklar væntingar um hvernig við eigum að hegða okkur í samræmi við kyn. Þessar væntingar eru settar fram undir formerkjum eðlis og ákveðnir eiginleikar eru eignaðir körlum og konum. Væntingarnar öðlast svo styrk í gegnum samfélagslega mótun, orðræðu og hegðun. Ríkjandi orðræða stjórnar hugsunum og væntingum okkar og setur ákveðnar leikreglur um kyn, sem við fylgjum jafnvel oft ómeðvitað. Karlmennska og kvenleiki er afurð þessarar orðræðu og í raun er fátt sem við flokkum ekki eftir því hvort það hentar eða á betur við karla eða konur. Frá unga aldri er því haldið að fólki hvernig það eigi að hegða sér og hvað telst ásættanleg hegðun miðað við kyn. Einstaklingum sem eru á skjön við þessar miklu væntingar er refsað á ýmsan hátt og leitast er við að beina þeim á þá braut sem er samfélagslega viðurkennd hegðun. Við stöndum því í ströngu við að staðfesta kyn annarra og okkar eigið í sífellu, hvort sem það er í gegnum orðræðu, hegðun, tjáningu eða annars konar gjörðir. Áhugavert er að velta fyrir sér af hverju svona gríðarlega strangar reglur þurfa að vera til staðar ef hlutirnir eru okkur eðlislægir. Eins og Butler bendir á er kyngervi í raun leikur sem fólk tekur þátt í. Þannig skapar fólk kyngervið en ekki öfugt. Dragmenning sýnir fram á hversu tilbúin þessi kyngervi eru í raun en drag gengur út á að ýkja og sýna fram á staðalímyndir karla og kvenna. Dragmenning er því ekki eingöngu listform, heldur er einnig hægt að nota það í pólitískum tilgangi. Fáir uppfylla hinar gríðarlega sterku kröfur sem við setjum körlum og konum miðað við hugmyndir um karlmennsku og kvenleika og því er ljóst að leikreglur kerfisins og afurðir þess þjóna mjög litlum og þröngum hópi. Samt er þeim viðhaldið í gegnum orðræðu sem hefur náð fótfestu í hugum fólks.

Innan samfélags sem byggir á stigveldi þar sem ríkjandi karlmennska trónir á toppnum er nokkuð ljóst að transfólk á sér enga viðreisnarvon. Kerfið gengur út frá sterkum hugmyndum um hegðun og einkenni karla og kvenna og konur eru þar undirskipaðar. Transkonur hljóta að vera mjög neðarlega í þessu kerfi þar sem þær fara úr forréttindastöðu karlmannsins yfir í stöðu kvenna þegar þær afhjúpa kynvitund sína. Jafnframt lenda þær enn neðar heldur en ella þar sem að þeirra kvenleiki er ekki styðjandi við hina ríkjandi karlmennsku. Transmenn gætu hugsanlega átt auðveldara uppdráttar í kerfinu en gætu þó aldrei uppfyllt skilyrðin til fulls, sérstaklega ekki ef fortíð þeirra er opinber. Transfólk tileinkar sér því það sem kalla má „mengandi kynvitund“ sem hróflar við ríkjandi

karlmennsku og tvíhyggjukynjakerfinu og er jafnframt jaðarsett af þessu sterka og ríkjandi kerfi.

Segja má að kynjakerfið hafi stöðu mýtu í samfélaginu en mýtur verða til í gegnum orðræðu, tákni og þá merkingu sem við leggjum í þær, hvort sem um er að ræða tákni í formi mynda eða orðræðu. Sterkar hugmyndir um hvað hentar körlum og konum koma fram í alls konar táknum og orðræðu, til dæmis kynjamerkingum og hugmyndum um kynfæri. Einstaklingum er úthlutað kyn við fæðingu út frá kynfærum og er það eflaust ein rótgrónasta hugsunin í samfélaginu að hægt sé að skilgreina kyn einstaklinga út frá kynfærum. Transfólk, sem hefur kynvitund sem skarast á við þessar hugmyndir, er því útilokað, jaðarsett, sjúkdómsvætt og lendir í gríðarlegum fordómum sökum þess. Tvíhyggjukynjakerfið gerir ráð fyrir samfélagi þar sem allir eru sískynjaðir, reynir að viðhalda þeirri hugsun í gegnum orðræðu og dulbýr sig sem algild viðmið og gildi samfélagsins. Tvíhyggjukynjakerfinu hefur því tekist að koma fram sem einhvers konar algildur sannleikur sem sprettur upp af náttúrulegu eðli einstaklinga og hefur ætíð verið á þann veg. Þeir einstaklingar sem ætla sér að afhjúpa mýtuna eða stíga út fyrir hana upplifa því höfnun frá samfélaginu en dæmi um slíkt er einmitt sjúkdómsvæðing og fordómar gagnvart transfólki.

Transfólk sem sækist eftir meðferð innan heilbrigðiskerfisins þarf að fá greiningu sem hefur í för með sér brennimerkingu og jaðarsetningu og sjúkdómsgreiningin er notuð sem kúgunartól af þeim sem berjast hvað mest gegn transfólki. Þessi sjúkdómsvæðing er bein afleiðing tvíhyggjukynjakerfisins sem flokkar einstaklinga skýrt og greinilega í tvö kyn og stjórnar hegðun þeirra, tjáningu og framkomu. Greiningin gengur oftast en ekki út á að einstaklingar þurfa að hafa upplifað löngun til að tilheyra „gagnstæðu“ eða „hinu“ kyninu frá barnæsku og hafa upplifað mikla vanlíðan vegna þess hlutverks sem viðkomandi var úthlutað við fæðingu. Með slíku orðalagi er því verið að ganga úr skugga um að einstaklingar hafi í raun alltaf tilheyrt því kyni sem þeir vilja laga líkama sinn að og að um ákveðinn misskilning eða fæðingargalla sé því að ræða. Þannig er komið í veg fyrir að einstaklingarnir ruggi bátum eða séu á skjön við tvíhyggjukynjakerfið. Þeir einstaklingar sem hafa kynvitund sem fellur utan tvíhyggjukynjakerfisins eiga því enn erfiðara uppdráttar og eru jaðarsettir enn frekar. Greining og meðferð veitir transfólki oft aðgang að heilbrigðiskerfi og/eða sjúkratryggingum sem taka þátt í kostnaði í tengslum við kynleiðréttingarferli og því eru skiptar skoðanir um hvort betra sé að hætta að skilgreina upplifun transfólks sem ástand, vanda eða geðröskun. Ef það yrði gert myndu sjúkratryggingar og heilbrigðiskerfi á mörgum stöðum ekki taka þátt í kostnaði og aðgangur að viðeigandi þjónustu myndi einungis vera til staðar fyrir vel stæða einstaklinga. Því þyrfti fyrst að tryggja að einstaklingar hefðu tækifæri,



aðgang að þjónustu og rétt á tryggingum út frá öðrum forsendum áður en greiningin yrði fjarlægð úr lögum.

Transfólk er utanveltu í mörgum samfélögum vegna kynvitundar og úrræði og aðgangur þess að heilbrigðiskerfinu er oft ekki mikill. Orðræða sem hefur skapast í gegnum tvíhyggjukynjakerfið staðfestir í sífelli hugmyndir okkar um kyn og eðlisvæðir allt sem fellur utan þess. Ef tvíhyggjukynjakerfið og afurðir þess gegnsýrðu ekki vestræn samfélög væri kynvitund transfólks ekki skilgreind sem geðröskun, heldur einfaldlega sem einn möguleiki á rófi endalausra upplifana og tjáningar þar sem fjölbreytileikinn er allsráðandi. Á meðan vestræn samfélög eru byggð á þeim viðmiðum og gildum sem tvíhyggjukynjakerfið boðar varðandi karla og konur, kyngervi, kynfæri, kyntjáningu og kynvitund mun transfólk og það fólk sem að fellur að einhverju leyti utan kerfisins eiga erfiðara uppdráttar í samfélaginu en aðrir. Það er því ljóst að umbylting verður að eiga sér stað á ríkjandi hugsun til að skapa transfólki þann sess í samfélaginu sem það á skilið. Baráttu transfólks fyrir réttindum og baráttunni við ríkjandi og kúgandi kerfi er því langt frá því lokið.

## Heimildalisti

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

American Psychiatric Association. (1994). *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders*. Bandaríkin: American Psychiatric Association.

American Psychiatrist Association. (2013). *Gender Dysphoria*. Sótt af 27. febrúar af <http://www.dsm5.org/documents/gender%20dysphoria%20fact%20sheet.pdf>

Anne Phillips. (2010). What's wrong with essentialism? *Distinktion: Scandinavian journal of social theory*, 11(1), 47–60.

Barthes, R. (1972). *Mythologies* (Annette Lavers þýð). Bandaríkin: Noonday. (Frumútgáfa 1957).

Bjargvætturinn Kristján óvænt orðinn Anna. (1996, 12. júní). *Dagblaðið Vísir – DV*. Sótt 30. apríl af vef [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=2941495](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2941495).

Butler, J. (1988). Performative Acts and Gender Constitution: An Essay in Phenomenology and Feminist Theory. *Theatre Journal*, 40(4), 519–531.

Butler, J. (1993). Critically Queer. *GLQ: A Journal of Lesbian and Gay Studies* 1(1), 17-32.

Butler, J. (2004). *Undoing Gender*. Bandaríkin: Routledge.

Collins, P. H. (2000). *Black Feminist Thought: Knowledge, Consciousness, and the Politics of Empowerment* (önnur útgáfa). Bandaríkin: Routledge.

Connell, Catherine. (2010). Doing, Undoing or Redoing Gender? Learning from the Workplace Experiences of Transpeople. *Gender & Society* 24(1), 31-55.

Connell, Raewyn. (2005). *Masculinities* (2. útgáfa). University of California Press: Berkeley.

Connell, Raewyn. (2012). Transsexual Women and Feminist Thought: Toward a New Understanding and New Politics, *Signs* 37(4), 857–881.

Enke, A. F. (2012). Note on Terms and Concepts. Í A. F. Enke (ritstjóri). *Transfeminist Perspectives in and beyond Transgender and Gender Studies* (bls. 16–23). Bandaríkin: Temple University Press.

Eygló Margrét Stefánsdóttir (2013). Gagnkynhneigt forræði: Að afbyggja eða tilheyra? Um staðalímyndir, afbyggingu og fordóma gegn hinsegin fólki (óútgefin meistaraþrófsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Geir Svansson. (1998). Kynin tvö/ Kynstrin öll. Um kynsusla, kyngervisútlaga og efni(s)legar eftirmyndir. Í Jón Proppe (ritstj.), *Flögð og fögur skinn* (bls. 124–141). Reykjavík: Íslenska menningarsamsteypan.

Giddens, A. og Sutton, P. W. (2013). *Sociology* (7. útgáfa). Bandaríkin: Polity Press.

Glassgold, J. M., Beckstead L., Drescher, J., Greene, B., Miller, R. L. og Worthington, R. L.). (2009). *Report of the American Psychological Association Task Force on Appropriate Therapeutic Responses to Sexual Orientation*. Sótt 3. apríl 2014 af <http://www.apa.org/pi/lgbt/resources/therapeutic-response.pdf>

Guðný Sigurðardóttir (2012). *Kynferði og kynhegðun. Kynáttunarbandi, transfólk og aðrir jaðarhópar*. Óútgefin BA-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 5–18. Reykjavík: Félagsfræðingafélag Íslands.

Haas, A. P., Rodgers, P. L., Herman, J. L. (2014). *Suicide Attempts among Transgender and Gender Non-Conforming Adults*. Sótt 21. apríl 2014 af <http://williamsinstitute.law.ucla.edu/wp-content/uploads/AFSP-Williams-Suicide-Report-Final.pdf>

Hearn, J. (2008). The Personal is Work is Political is Theoretical: Continuities and Discontinuities in Women's Studies, (Pro)feminism, "Men" and My Selves. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 16(4), 241–256.

„Hefði aldrei trúað því að svona myndi gerast á Íslandi“ (2012, 1. apríl) *DV* [viðtal]. Sótt af <http://www.dv.is/frettir/2012/4/1/i-sjokki-efrir-arasd/>

Heiða Jóhannsdóttir (2006, 27. mars). Transgender á Íslandi. *Mbl.is*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1074076/>.

ILGA Europe. (2013). *Rainbow Europe*. Sótt 24. febrúar 2013 af [http://www.ilga-europe.org/home/publications/rainbow\\_europe](http://www.ilga-europe.org/home/publications/rainbow_europe)

Isay, R. A. Remove gender identity disorder from DSM. *Psychiatrist News*, 32(1), 13.

Jakob Bjarnar. (2013, 18. október). Bannað að spotta eða smána transfólk. *Visir.is*. Sótt 27. mars 2014 af <http://www.visir.is/bannad-ad-spotta-eda-smana-transfolk/article/2013131019051>

Lög um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda nr. 57/2012.

Foucault, M. (2002). *The Archaeology of Knowledge* (Alan Sheridan þýddi). Bandaríkin: Routledge (frumútgáfa 1969).

Nanda, S. (1993). *Neither Man nor Woman: The Hijras of India* (2. útgáfa). Kanada: Wadsworth Publishing Company.

Q-félag hinsegin stúdenta (e.d.). *Hvað er trans?* [bæklingur] Sótt 30. mars 2014 af <http://hinsegin.files.wordpress.com/2010/11/trans-bc3a6klingur.pdf>

Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir. (2012). *Réttindi transgender fólks á Íslandi*. Reykjavík: Leturprent.

Schippers, Mimi. (2007). Recovering the feminine other: Masculinity, femininity, and gender hegemony. *Theory, Culture & Society*, 36, 85–102.

Sigríður Þorgeirsdóttir. (2002). Hverjar eru hugmyndir Platóns um eðli og hlutverk karla og kvenna? *Vísindavefurinn*. Sótt 20. mars af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2974>

Sigrún Inga Garðarsdóttir (2014). *Er ég með kynáttunarfanda eða er ég trans? Samanburður greiningarviðmiða og hugmynda fólks um kynáttunarfanda og transeinstaklinga*. Óútgefin BS-ritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Skilgreinir ekki kyn sitt. (2013, 4. nóvember). *Ísland í dag [viðtal]*. Sótt 11. janúar af <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTVF72D2AC2-89FC-4864-89EC-DEBAAA9BC4C5>

Svandís Anna Sigurðardóttir. (2011). *Kynjaflækja hinsegin mæðra: Að afbyggja kynjakerfið og gagnkynhneigt forræði frá jaðrinum*. Óútgefin meistaraþrófsritgerð Háskóli Íslands, Reykjavík.

Stryker, S. (2008). Introduction: Trans-, Trans or Transgender? *Women's Studies Quarterly*, 36(3/4), 11–12.

Transgender Europe. (2013). Sótt 16. febrúar 2014 af <http://www.transrespect-transphobia.org/uploads/downloads/2013/TDOR2013english/TvT-TDOR2013PR-en.pdf>

Westbrook, L. og Schilt, K. (2013). Doing Gender, Getermining Gender: Transgender People, Gender Panics, and the Maintenance of the Sex/Gender/Sexuality System. *Gender & Society*. Sótt 16. apríl 2014 af <http://gas.sagepub.com/content/early/2013/09/24/0891243213503203.full.pdf+html>

Þingskjal 1157. (2011–2012). Frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda.

Þorgerður Einarsdóttir. (2004). Hið vísindalega er pólitískt: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar). *Íslensk félagsfræði Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200–221). Háskóli Íslands: Reykjavík.